

Greiðslur til framleiðenda

LÁGMARKSVERÐ (ÁÐUR GRUNDVALLARVERÐ) TIL BÆNDA Þann 1. janúar 2005 var lágmarksverð til framleiðenda hækkað úr 80,74 kr/ltr í 83,49 kr/ltr og gildi það til 31. ágúst 2005. Af þessu greiddi ríkið 47,1 % í beingreiðslur til framleiðenda eða 39,32 kr/ltr að meðaltali og afurðastöðvarnar greiddu 52,9 % eða 44,17 kr/ltr.

BREYTING GREIÐSLUFYRIRKOMULAGS FRÁ 1. SEPTEMBER 2005 Skv. nýjum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tók gildi 1. september 2005 er lágmarksverð ekki lengur ákvarðað í heild sinni og síðan skipt 52,9% sem afurðastöðvaverð og 47,1% sem beingreiðsluhluti eins og áður var, heldur eru heildarfjárhæðir beingreiðslna nú bundnar í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu en afurðastöðvaverð ákvarðast áfram af verðlagsnefnd búvöru. Þar að auki munu koma til greiðslur frá ríkinu sem kynbóta- og þróunarfé, gripagreiðslur og óframleiðslutengdur stuðningur eftir því sem lengra líður á samningstímann. Á verðlagsárinu 2005/2006 fara 100 milljónir króna í kynbóta- og þróunarfé en ekkert til gripagreiðslna eða í óframleiðslutengdan stuðning. Í 6. gr. samningsins er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar í beingreiðslur, kynbóta- og þróunarfé, gripagreiðslur og óframleiðslutengdan stuðning á samningtímanum. Sjá samninginn hér aftar í samningskafla ársskýrslunnar.

BEINGREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS Eins og getið er um hér að ofan eru heildarfjárhæðir beingreiðslna ríkisins bundnar í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu við fastar upphæðir á hverju verðlagsári samningstímans óháð heildargreiðslumarki. Þannig lækka beingreiðslur á lítra þegar greiðslumark hækkar milli verðlagsára en hækka þegar greiðslumark lækkar milli verðlagsára.

Fjárhæðir í samningnum eru miðaðar við verðlag 1. janúar 2004, en þá var vísitala neysliverðs 230,00 stig, og taka mánaðarlegum breytingum þaðan í frá skv. vísitölu neysliverðs. Beingreiðsla á lítra breytist þannig mánaðarlega frá og með 1. september 2005. Heildarfjárhæð til beingreiðslna á verðlagsárinu 2005/2006 er 3.900 milljónir kr. Beingreiðsla á lítra ætti því að vera kr 35,1351 m.v. 111 milljónir lítra greiðslumark á verðlagsárinu eða

$$(3.900.000.000/111.000.000=35,1351).$$

Hins vegar þarf að taka tillit til breytinga á vísitölu neysliverðs. Neysliverðsvísitala fyrir september 2005 var 243,2 og var því beingreiðsla að meðaltali á lítra á septemberverðlagi 37,1516 kr $((243,2/230,0)*35,1351=37,15159)$. Sjá töflu yfir þróunina á meðalbeingreiðslu til mjólkurframleiðenda á verðlagi september til desember 2005:

Tafla 14. Yfirlit yfir þróun meðalbeingreiðslu til mjólkurframleiðenda í janúar til desember 2005

Mánuður	NVT	Meðalbeingreiðsla*
September	243,2	37,15
Október	246,9	37,72
Nóvember	248,4	37,95
Desember	248,0	37,88

*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunn í verðlagi viðkomandi mánaða.

Samkvæmt búvörusamningi skulu beingreiðslur greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beinna greiðslna fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk eru með eftirfarandi hætti 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 skv. reglugerð nr. 620/2005 (sjá reglugerðina hér aftar í reglugerðarkafli ársskýrslunnar):

- A: 53,5% af beingreiðsluhluta skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 90 % greiðslumarks.
- B: 31,5 % af beingreiðsluhluta skal greiða eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda.
- C: 15,0 % af beingreiðsluhluta skal greiða að 16/30 hluta með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til og með febrúar (vetrarálag). 4/30 hluta skal greiða fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð og beingreiðslum (A og B) að því marki sem ónotað er innan greiðslumarks svæðisins. Ef framleiðsla innan þessara marka verður minni en það sem er ónotað á svæðinu, gengur afgangurinn fyrst til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks. Sé enn afgangur skal honum skipt hlutfallslega á það magn sem er umfram 104% mörkin á landsvísu.

GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA Efnainnihald viðmiðunarmjólkur var breyttist milli verðlagsáranna 2004/2005 og 2005/2006. Fita viðmiðunarmjólkur var 3,97% og próteinið var 3,33% fyrir verðlagsárið 2004/2005 en fita er nú 4,00% og próteinið er nú 3,32% fyrir verðlagsárið 2005/2006.

Afurðastöð greiðir framleiðanda fullt verð fyrir mjólk innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Frá og með 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar eingöngu greitt framleiðendum eftir efnainnihaldi mjólkur þ.e. 25% miðað við fituinnihald og 75% miðað við próteininnihald meðalmjólkur.

Verð á fitu- og próteineiningu var eftirfarandi frá 1. janúar til 31. ágúst 2005 :

Efnabáttur	Verð á efnabátt í meðalmjólk	Verð á fitu- og próteineiningu
Fita	11,0425kr	2,7815 kr/ein
Prótein	33,1275 kr	9,9482 kr/ein

Útreikningur á verði til framleiðanda á lítra mjólkur var því eftirfarandi:

$$(2,7815 * \text{fituein. í mán.}) + (9,9482 * \text{próteinein. í mán.}) = \text{Samtals greiðsla fyrir innlagða mjólk í mánuðinum.}$$

Verð á fitu- og próteineiningu var eftirfarandi frá 1. september til 31. desember 2005 :

Efnaþáttur	Verð á efnaþátt í meðalmjólk	Verð á fitu- og próteineiningu
Fita	11,0425kr	2,7606 kr/ein
Prótein	33,1275 kr	9,9782 kr/ein

Útreikningur á verði til framleiðanda á lítra mjólkur var því eftirfarandi:

$$(2,7606 * \text{fituein. í mán.}) + (9,9782 * \text{próteinein. í mán.}) = \text{Samtals greiðsla fyrir innlagða mjólk í mánuðinum.}$$

Vegna útgreiðslu afurðastöðvaverðs til framleiðenda er ekki lengur dregið svokallað auragjald, 0,75 kr/ltr, af mjólkurframleiðendum og því jókst útgreiðsla afurðastöðva til þeirra sem því nam frá og með 1. september 2005. Auragjaldið var sæðingagjald sem innheimt var skv. 12. gr búnaðarlaga en er nú greitt af ríkinu inni í kynbóta- og þróunarfé.

ÞRÓUN Á VERÐI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA Í meðfylgjandi töflu má sjá þróun á verði til framleiðenda undanfarin 11 ár pr. 1. september ár hvert m.v. mjólk með 4,2% fitu og 3,4% prótein að meðaltali. Verðið var 52,88 kr/litra 1. september 1995 og 82,67 kr/litra 1. september 2005.

Tafla 15. Verð til framleiðenda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. september ár hvert 1995 - 2005. (Ath. á tímabilinu hefur m.a. gjald til stofnlándeildar verið fært inn í afurðaverð bænda.)

Greiðsla	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Afurðastöðvaverð á lítra	28,26	29,89	32,02	33,68	35,29	37,35	39,1	41,61	42,97	44,00	45,52
Beingreiðsla á lítra*	24,62	25,79	27,44	28,86	30,09	31,89	33,48	35,81	37,14	38,03	37,15
Verð alls á lítra	52,88	55,68	59,46	62,54	65,38	69,24	72,58	77,42	80,11	82,03	82,67

*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunni á verðlagi viðkomandi mánaða.

Kostnaður við mjólkurflutninga að mjólkursamlögum

BEINN FLUTNINGSKOSTNAÐUR AÐ MJÓLKURSAMLÖGUM var 2,56 kr/ltr að meðaltali árið 2004 og hækkaði um 0,22 kr frá árinu 2003. Þetta er hækkun um rúmlega 9% milli ára.

Á tímabilinu 1994 til 2004 var meðalflutningkostnaður hæstur 2,56 kr/ltr árið 2004 en lægstur 2,18 kr/ltr árin 1997 og 1998. Heildarhækkun á flutningskostnaði frá 1994 – 2004 nam 0,28 kr/ltr og til samanburðar þá hækkaði vísitala neysluverðs um tæp 38%.

Tafla 15. Kostnaður við mjólkurflutninga að samlögum 1994 til 2004.

Mjólkursamlag	Beinn kostnaður á lítra, kr											Breyting milli ára (2002=100)
	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	
Reykjavík	2,42	2,39	2,34	2,02	2,04	1,96	2,10	2,60	2,54	2,53	2,82	111
Borgarnes	2,11	2,30	1,98	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	
Búðardalur	2,35	2,32	2,65	2,37	2,59	3,89	4,39	4,53	4,24	3,57	3,89	109
Ísafjörður	7,00	7,77	6,53	5,15	5,83	5,34	5,11	4,36	5,41	5,03	5,81	116
Hvammstangi	2,01	2,16	2,32	2,22	2,28	1,59	2,22	3,27	3,06	0,00	0,00	
Blönduós	2,71	2,19	2,12	2,31	2,17	2,05	2,11	2,37	2,08	2,17	2,29	106
Sauðárkrókur	2,15	2,02	2,30	2,05	1,91	1,94	2,33	2,15	2,08	2,16	2,11	98
Akureyri	1,87	2,07	1,84	1,86	1,88	1,90	1,74	2,04	1,91	1,92	1,98	103
Húsavík	2,17	2,72	2,39	2,64	2,68	2,53	1,74	2,04	0,00	0,00	0,00	
Vopnafjörður	4,72	4,34	5,30	5,08	3,87	3,98	3,68	3,38	3,24	3,91	3,50	90
Egilsstaðir	3,09	3,18	3,04	3,35	3,97	3,48	4,23	4,58	4,36	4,08	4,56	112
Neskaupstaður	3,18	3,95	3,00	1,66	1,44	2,00	4,87	0,00	0,00	0,00	0,00	
Höfn	3,13	2,79	2,60	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	
Selfoss	2,17	2,08	2,10	2,06	2,05	2,17	2,35	2,28	2,21	2,18	2,54	117
Meðalkostnaður	2,28	2,30	2,23	2,18	2,18	2,23	2,34	2,47	2,37	2,34	2,56	109

(Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins og SAM skv. endurskoðuðum ársreikningum fyrir mjólkurflutninga)